



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

14
10 20
21

Tsjajkovskíj og Beethoven



Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverks.

Áætluð tímalengd:

Rómeó og Júlía: 20'

Píanókonsert nr. 1: 35'

Sinfónía: 35'

Af óviðráðanlegum ástæðum þurfti Abduraimov að hætta við að leika píanókonsert Prokofjevs eins og til stóð upphaflega.

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og
menningarmálaráðuneytið



Reykjavíkurborg



KVÍKA
Eignastýring

Stoltur bakhjarl

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

14|10

FIMMTUDAGUR
KL. 19:30

GULA RÖÐIN

Tsjajkovskíj og Beethoven

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Anja Bihlmaier
hljómsveitarstjóri

Behzod Abduraimov
einleikari

Efnisskrá

Pjotr Tsjajkovskíj
Rómeó og Júlía, fantasíuforleikur (1869/1880)

Ludwig van Beethoven
Píanókonsert nr. 1 í C-dúr op. 15 (1795)
Allegro con brio
Largo
Rondo: Allegro scherzando

Hlé

Emilie Mayer
Sinfónía nr. 5 í f-moll (1856)
Allegro agitato
Adagio
Scherzo: Allegro vivace
Finale: Allegro vivace

For information in English about tonight's programme, please visit the Icelandic Symphony Orchestra's website:
en.sinfonia.is



Anja Bihlmaier

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Þýski hljómsveitarstjórinn Anja Bihlmaier hefur vakið mikla athygli á undanförunum árum fyrir líflega og innblásna túlkun. Hún stundaði tónlistarnám í Freiburg og Salzburg og hóf feril sinn við leikhúsið í Coburg í Þýskalandi. Hún er nú aðalstjórnandi Residentie-hljómsveitarinnar í Den Haag og aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Lahti. Nýverið stjórnaði hún upphafstónleikum nýs starfsárs Residentie-hljómsveitarinnar í glæsilegu nýju tónleikahúsi sveitarinnar í Den Haag sem hefur hlotið nafnið Amare.

Bihlmaier hefur einnig komið fram sem gestastjórnandi með fjölda hljómsveita, meðal annars Sinfóníuhljómsveitinni í Birmingham, Konunglegu fílharmóníusveitinni í Stokkhólmi og Þýsku sinfóníuhljómsveitinni í Berlín. Síðar á þessu starfsári mun hún einnig stjórna Sinfóníuhljómsveitunum í Gautaborg og Barcelona. Þá hefur hún getið sér afar gott orð sem óperustjórnandi, hefur meðal annars stjórnað *Carmen* eftir Bizet og *Brúðkaupi Fígarós* eftir Mozart við Volksoper í Vínarborg og *Draumi á Jónsmessunótt* eftir Britten við óperuhúsið í Malmö.



Behzod Abduraimov

EINLEIKARI

Behzod Abduraimov er meðal fremstu píanista heims um þessar mundir og hefur hlotið mikið lof fyrir túlkun sína. Hann er fæddur árið 1990 í Tashkent, höfuðborg Úsbekistans, og hóf píanónám fimm ára gamall. Hann fluttist til Bandaríkjanna til frekara náms og hlaut fyrstu verðlaun í Alþjóðlegu píanókeppninni í Lundúnum 2009, aðeins 18 ára gamall. Fyrsti geisladiskur hans, hljóðritun fyrir Decca-forlagið á verkum eftir Prokofjev, Liszt og Saint-Saëns, kom út árið 2012 og hlaut fjölda verðlauna. Nýjasti hljómdiskur hans hefur meðal annars að geyma *Myndir á sýningu* eftir Músorgskj, en í fyrra kom út hljóðritun hans á *Rapsódíu um stef eftir Paganini* eftir Rakhmanínov, þar sem hann leikur á flygil tónskáldsins sjálfs.

Abduraimov hefur komið fram með mörgum leiðandi hljómsveitum heims, til dæmis Fílharmoníusveitinni í Los Angeles, Sinfóníuhljómsveitinni í Boston, Gewandhaus-hljómsveitinni í Leipzig og Concertgebouw-hljómsveitinni í Amsterdam. Meðal stjórnenda sem hann hefur starfað með má nefna Valerj Gergíjev, Vladimir Ashkenazy, Vladimir Jurowski og Gustavo Dudamel. Hann kom fram á BBC Proms-hátíðinni ásamt Gergíjev og Fílharmoníuhljómsveitinni í München sumarið 2016 og voru þeir tónleikar gefnir út á mynddiski skömmu síðar. Hann hefur haldið tónleika í Carnegie Hall, í Barbican-listamiðstöðinni í Lundúnum og á tónlistarhátíðunum í Aspen og Verbier, svo aðeins fáeinar séu nefndar.

Abduraimov kemur nú til Íslands í þriðja sinn, en hann hefur áður leikið píanókonsert nr. 3 eftir Prokofjev og píanókonsert nr. 2 eftir Rakhmanínov með Sinfóníuhljómsveit Íslands við mikinn fögnuð áheyrenda.



Pjotr Tsjajkovskíj

RÓMEÓ OG JÚLÍA, FANTASÍUFORLEIKUR

Pjotr Tsjajkovskíj (1840–1893) stundaði tónlistarnám í Sankti Pétursborg og útskrifaðist úr tónlistarháskóla borgarinnar 25 ára gamall. Skömmu síðar bauðst honum kennarastaða við nýstofnaðan tónlistarháskóla í Moskvu og þar kenndi hann í rúman áratug. Í Moskvu kynntist hann tónskáldinu Mili Balakirev sem var mikill áhrifavaldur á þjóðlegan stíl rússneskra tónskálda um þetta leyti. Balakirev leitaðist við að finna jafnvægi milli hinna klassísku vestrænu hefða og rússnesks þjóðaranda í tónsköpun og var lærifaðir Músorgskíjs, Rimskíj-Korsakovs og Borodins, svo nokkrir séu nefndir. Hann gaf Tsjajkovskíj góð ráð varðandi tónsmíðarnar og líklega hefði forleikurinn um Rómeó og Júlíu aldrei litið dagsins ljós ef ekki hefði verið fyrir tilstilli Balakirevs.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Forleikur Tsjajkovskíjs hefur hljómað alloft í meðförum Sinfóníuhljómsveitar Íslands gegnum árin, til dæmis undir stjórn Olavs Kielland (1960), Gabriels Chumra (1978), Barrys Wordsworth (1987), Pietaris Inkinen (2007) og Keri-Lynn Wilson (2017). Sinfóníuhljóm-sveit Norðurlands flutti verkið árið 2007 undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar og Ungsveit Sí lék það undir stjórn Petri Sakari árið 2014.

Í hljómsveitarforleik Tsjajkovskíjs renna form og innihald saman á sérlega vel heppnaðan hátt. Verkið hefst á hægum inngangi sem hefur trúarlegan blæ og lýsir Bróður Lárens í klausturklefa sínum. Meginhluti forleiksins er í sönötuformi og tvær meginhugmyndir eru ráðandi. Fyrra stefið er ágengt og ofsafengið og lýsir fjandskap Kapúlett- og Montag-ættanna, en hið seinna táknar ástir Rómeós og Júlíu. Niðurlagið byggir einnig á ástarstefinu, en nú er það kaldur og lífvana útfararmars.

Segja má að Tsjajkovskíj hafi fundið sína eigin rödd með forleiknum um Rómeó og Júlíu. Hann var tiltölulega óreyndur sem hljómsveitartónskáld og hafði aðeins samið eina sinfóníu, enda ekki nema 29 ára gamall. Tsjajkovskíj sótti aftur í sjóð Shakespeares síðar á ferlinum – forleiki byggða á *Ofviðrinu* (1873) og *Hamlet* (1878) – en hvorugt þessara verka skákar þó *Rómeó og Júlíu*-forleiknum hvað vinsældir varðar.



TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Alls hafa tíu píanóleikarar áður leikið konsert nr. 1 eftir Beethoven með Sinfóníu-hljómsveit Íslands. Rögnvaldur Sigurjónsson lék verkið fyrstur (í Þjóðleikhúsinu undir stjórn Róberts A. Ottóssonar árið 1959), en næst flutti Vladimir Ashkenazy konsertinn í Háskólabíói árið 1964. Af öðrum píanistum sem leikið hafa konsertinn með SÍ má nefna Daniel Barenboim (undir stjórn Ashkenazys) 1971, Nínu Margréti Grímsdóttur 1985, Ástríði Öldu Sigurðardóttur 1995 og Paul Lewis 2017. Konsertinn hefur einnig hljómað á tónleikum Sinfóníuhljóm-sveitar áhugamanna og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands.

Ludwig van Beethoven

PÍANÓKONSERT NR. 1

Ludwig van Beethoven (1770–1827) var ríflega tvítugur að aldri þegar hann ákvað að freista gæfunnar í Víðarborg síðla árs 1792. Þá hafði hann þegar skapað sér nafn sem einn eftirtektarverðasti ungi píanisti álfunnar; framúrskarandi tækni, sterk skapgerð og innileg túlkun þóttu gera leik hans sérlega eftirminnilegan. Frumsamdir píanókonsertar voru kjörinn vettvangur fyrir hæfileikaríkan píanista til að koma sér á framfæri í stórborginni. Þessi grein tónlistarinnar var fremur ný af nálinni, hafði í raun fyrst náð fullkomnun með röð konserta sem Mozart samdi á árunum 1785–86.

Beethoven samdi konsertinn í C-dúr árið 1795 og frumflutti hann sama ár, en endurskoðaði árið 1800. Þessi píanókonsert, „nr. 1“, var raunar ekki sá fyrsti sem Beethoven samdi, en á 18. og 19. öld gáfu útgefendur verkum ópusnúmer miðað við það hvenær þau komu á markað. Eldri píanókonsert Beethovens, sá í B-dúr „nr. 2“, kom út fáeinum mánuðum eftir að C-dúr konsertinn rataði á prent hjá Hoffmeister-forlaginu í mars 1801, og því víxluðust númer verkanna sé miðað við tilurðarröð þeirra.

Píanókonsertinn í C-dúr er glæsileg tónsmíð og gefur fyrirheit um frekari afrek Beethovens í þessari grein tónlistarinnar. Glögggt má heyra áhrif Mozarts og sérstaklega virðist sem Beethoven hafi tekið sér til fyrirmyndar tvo fræga píanókonserta hans í sömu tóntegund, K. 467 og K. 503. Fyrsti þáttur hefst með ljóðrænu stefi en brátt láta pákur og trompetar einnig í sér heyra. Margt gerist óvænt í upphafspættinum ef grannt er hlustað, til dæmis úrvinnslan um miðbikið sem minnir á draumkennda undraveröld, með skólum og hljómunum í *piano-* og *pianissimo*-dýnamík út í gegn. Líkt og oft gerist hjá Beethoven eru innbyrðis tengsl tóntegundanna með því óvenjulegasta sem hlustendur í Víðarborg höfðu komist í tæri við, en ávallt tekst honum að koma sér fyrirhafnarlaust til baka á upphafsreit.

Hægi kaflinn er kyrrlát og tregablandin hugleiðing; hann minnir um margt á *Adagio*-þátt *Pathétique*-píanósónötunnar sem Beethoven samdi fáeinum árum síðar. Í fjörugum rondóþættinum ríkir aftur á móti kátinan ein.



Emilie Mayer

SINFÓNÍA NR. 5

Hin þýska Emilie Mayer (1812–1883) er eitt hinna mörgu kventónskálda sögunnar sem gleymdust nær algjörlega svo áratugum skipti. Hún átti óvenjulegan feril, hóf til dæmis ekki formlegt tónsmíðanám fyrr en hún var nærri þrítug, hjá Carl Loewe sem var eitt fremsta sönglagaskáld Þýskalands í þá daga. Þá hafði hún flust til Stettin (nú Szczecin í Póllandi) frá heimabænum Friedland, þar sem faðir hennar var apótekarari bæjarins. Það var ekki fyrr en eftir lát hans árið 1840 sem hún fór að sinna tónlistinni af fullum krafti.

Mayer fluttist til Berlínar árið 1847 og hélt áfram tónsmíðanám hjá Adolph Bernhard Marx, sem var einn fremsti tónfræðingur Þýskalands í þá daga. Á árunum í Berlín samdi hún nýja sífóníu svo að segja á hverju ári og voru þær frumfluttar í Konunglega hirðleikhúsinu (sem nú er kallað Konzerthaus) við góðar undirtektir. Alls samdi hún átta sífóníur, þrátt fyrir að almenn skoðun í karllægum tónlistarheimi 19. aldar væri sú að konur gætu ekki valdið svo stórum tónlistarformum. Hún samdi líka ógrynni af kammertónlist en snerti varla á þeim greinum tónlistarinnar sem þóttu hæfa konum best í þá daga, eftir hana liggja aðeins fáein píanóverk og sönglög.

Eftir að Mayer lést árið 1883 féllu tónsmíðar hennar fljótt í gleymsku og í raun er það ekki fyrr en á allra síðustu árum sem verk hennar hafa aftur hlotið brautargengi í tónleikasölum heimsins. Sífónían í f-moll var frumflutt í Berlín árið 1862 en lá í þagnargildi í meira en heila öld eftir það, allt þar til hún hljómaði aftur á tónleikum árið 2001. Númeraröðin á sífóníum Mayers er nokkuð á reiki og er þessi sífónía einnig stundum kölluð „númer 7“. Hvað sem því líður þá er tónlistin bæði kraftmikil og áhrifarík og má segja að Beethoven sé helsti áhrifavaldur hennar. Eftir ólgandi fyrsta þátt tekur við einkar fagur hægur kafli, en síðari þættirnir tveir einkennast af ákefð og spennu.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er í fyrsta sinn sem verk eftir Emilie Mayer hljómar á tónleikum Sífóníuhljómsveitar Íslands. Áður lék Sífóníuhljómsveit áhugamanna sífóníuna á tónleikum í Seltjarnarneskirkju í febrúar 2020 undir stjórn Hallfríðar Ólafsdóttur.

Á DÖFINNI

21|10

FIMMTUDAGUR
KL. 20:00

AIÓN

Í þessu nýja verki bjóða Erna Ómarsdóttir og Anna Þorvaldsdóttir áhorfendum upp á töfrandi heim þar sem tónlist og dans mætast á óvanalegan hátt og dansarar Íslenska dansflokksins og hljóðfæraleikarar Sinfóníuhljómsveitarinnar renna saman í eitt. Anna og Erna eru báðar áhrifavaldar á heimsvísu, hvor í sinni listgrein. Anna er staðartónskáld Sinfóníuhljómsveitar Íslands og hafa verk hennar verið flutt af fremstu hljómsveitum heims. Erna er listdansstjóri Íslenska dansflokksins og hefur hún hlotið fjölda verðlauna fyrir verk sín sem sýnd hafa verið á helstu listahátíðum og leikhúsum í Evrópu og víðar. AIÓN er samstarfsverkefni Íslenska dansflokksins, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Sinfóníuhljómsveitar Gautaborgar en verkið var frumflutt af Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar og Íslenska dansflokknunum í maí 2019 í Tónlistarhúsinu í Gautaborg. Hljómsveitarstjóri er Anna-Maria Helsing.



28|10

FIMMTUDAGUR
KL. 19:30

Jess Gillam og Prokofiev

Breski saxófónleikarinn Jess Gillam hefur vakið fádæma hrifningu tónlistarunnenda undanfarin ár. Á tónleikunum leikur hún Fantasíu fyrir saxófón og hljómsveit eftir Heitor Villa-Lobos en einnig síðrómantískan konsert Glazúnovs.

Tónleikarnir hefjast á kraftmiklum forleik, *Bishop Rock*, eftir Doreen Carwithen og þeim lýkur á sínfóníu nr. 5 eftir Sergej Prokofiev. Ryan Bancroft heldur um tónsprotann en hann stal senunni í Malko-hljómsveitarstjórakeppninni árið 2018, þar sem bæði fyrstu verðlaun og áheyrndaverðlaun féllu honum í skaut.



14 1020 21 | Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Vera Panitch
Zbigniew Dubik
Pétur Björnsson
Pálína Árnadóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Andrzej Kleina
Laufey Jensdóttir
Guðbjartur Hákonarson
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Laura Liu

2. fiðla

Páll Palomares
Ísak Ríkharðsson
Ingrid Karlsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Þórdís Stross
Roland Hartwell
Ólöf Þorvarðsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Kristján Matthíasson

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Lucja Koczot
Guðrún Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Úlfhildur Þorsteinsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Ásdís Hildur Runólfssdóttir
Ásta Kristín Pjetursdóttir

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Júlía Mogensen
Þórdís Gerður Jónsdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson

Bassi

Xun Yang
Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

Flauta

Emilía Rós Sigfúsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínnett

Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Brjánn Ingason
Francisco Soutinho Ventura

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Bruun
Joseph Ognibene
Frank Hammarin

Trompet

Daniel Egan
Einar Jónsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

Túba

Nimrod Ron

Harpa

Katie Buckley

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Frank Aarnink
Eggert Pálsson

Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi*
Bertrand de Billy *aðalgestastjórnandi*
Kornilios Michailidis *staðarhljómsveitarstjóri*
Daniél Bjarnason *listamaður í samstarfi*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*
Vikingur Heiðar Ólafsson *staðarlistamaður*

Frankvæmda- og skrifstofuteymi

Lára Sóley Jóhannsdóttir *frankvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Halla Oddný Magnúsdóttir *viðburða- og skipulagsstjóri/í orlofi*

Valdís Þorkelsdóttir *viðburða- og skipulagsstjóri*
Jökull Torfason *verkefnastjóri viðburða*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Inga María Leifsdóttir *markaðsfulltrúi*
Sverrir Hjálmarsson *mannauðsstjóri*
Svanhvít Hrólfssdóttir *fjármálastjóri*
Kristbjörg Clausen *nótnavörður*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*
Sigþór J. Guðmundsson *verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*
Björk Björgúlfssdóttir *sviðsstjóri*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2021
2022

SVARTA RÖÐIN

Sérstök tónleikaröð með Víkingi í einleikshlutverki. Þrennir hljómsveitar-tónleikar ásamt einleikstónleikum Víkings í nóvember.

Víkingur Heiðar Ólafsson er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2021-22. Samstarf Víkings og Sinfóníuhljómsveitar Íslands á þessu starfsári er einstakt á heimsvísu og nokkuð sem enginn tónlistarunnandi má láta fram hjá sér fara.

Þeir sem kaupa kort á þessa einstöku röð fá 15% afslátt af almennu miðaverði.



Miðasala
sinfonia.is

Sími
528 5050